

Fundargerð 56. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi miðvikudaginn 27. september 2023 kl 12.00.

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Halldór Halldórsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Gauti Geirsson, Lilja Sigurðardóttir varamaður

Forföll boðuðu Aðalsteinn Traustason og eins hans varamaður Jóhann Birkir Helgason og Jónas Heiðar Birgisson.

Einnig sátu fundinn og rituðu fundargerð þau Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaðróunar og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri rituðu fundinn. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnu- og byggðaðróunar

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2024 – verklag okt-des
2. Vanfjármögnun Sóknaráætlana, Áfangastaðastofa og atvinnuráðgjafar
3. Efnahagssumsvif Vestfjarða
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Starfsemi Sóknarhóps

Fundur stjórnar FV

1. Ályktanir stjórnar á 68. Fjórðungsþingi að hausti
2. Breytingar á samþykktum FV - ungmennaráð
3. Fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2024 - kynning
4. Fjárhagsrammi Sóknaráætlunar Vestfjarða 2024
5. Svæðisáætlun um úrgangsmál
6. Fundargerðir og annað til kynningar
 - a. Fundargerð 98. fundar stjórnar SSNV 12. september 2023
 - b. 600. stjórnarfundur SASS. 18. september 2023
 - c. 54. Stjórnarfundur SSNE 6. september 2023 – *sjá í gögnum á Teams*
 - d. 176. Stjórnarfundur SSV 23. ágúst 2023
 - e. Samkeppniseftirlit - Tilmæli til sveitarfélaga vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði
7. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
 - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - c. Afrakstur umsagna.
 - d. Umsagnarbeiðni
 - e. Umsagnir til skoðunar

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2024 – verklag okt-des

Framkvæmdastjóri lagði fram verkáætlun um mótun fjárhags og starfsáætlun 2024.

Míðað er við afgreiða fjárhagsáætlun um miðjan desember n.k.. Rætt um tekjur og útgjöld m.a. framlög til samstarfsamninga við stjórnvöld.

Til máls tóku; Jóhanna, Friðbjörg, Gauti, Nanný,

Formaður lagði fram tillögu um að samþykkja verklag og undirbúa fundi starfsmanna og stjórnar Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Vanfjármögnun Sóknaráætlana, Áfangastaðastofa og atvinnuráðgjafar

Formaður kynnti umræðu af fundi landshlutasamtaka um fjárhagsstöðu sókn

Stjórn Vestfjarðastofu lýsir áhyggjum af umtalsverðri lækkun framlaga til Sóknaráætlunar, atvinnuráðgjafar og markaðsstofa (Áfangastofur landshluta), samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2024. Aukin framlög sem samþykkt voru í fjárlögum 2023 ganga að óbreyttu til baka auk þess sem ekki er mætt þróun launa og verðlags síðustu ára.

Til máls tóku Jóhanna, Gauti, Nanný, Elísabet

Bókun stjórnar verði kynnt sveitarfélögum á Vestfjörðum.

3. Efnahagsumsvif Vestfjarða

Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu Analytica sem unnin var fyrir Samtök sveitarfélög á Austurlandi „Efnahagsumsvif Austurlands“ nú í september. Óskaði framkvæmdastjóri eftir heimild til að óska eftir að gera samning um álfka vinnu.

Framkvæmdastjóri kynnti umræðu um málið á fundi Sóknarhóps nú fyrr í dag og mælti Sóknarhópur að gerð yrði slík samantekt.

Til máls tóku, Nanný, Jóhanna, Lilja, Halldór, Friðbjörg,

Formaður gerði tillögu um að framkvæmdastjóra verði falið að vinna að verkefninu í samræmi við umræðu á fundinum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um framgang og stöðu verkefna nú í september.

Til máls tóku; Jóhanna og Halldór.

5. Starfsemi Sóknarhóps

Gauti formaður Sóknarhóps tók til máls og kynnti starf Sóknarhóps nú í september, áherslan væri að formgera samstarfið auk umræðu um atvinnuþróun.

Til máls tóku; Elísabet, Halldór, Jóhanna, Guðrún Anna, Friðbjörg

Formaður þakkaði stjórnarmönnum Vestfjarðastofu, sóknarhópsfulltrúum og teymisstjóra fyrir fundinn og sleit fundi kl 12.55. Þau sem véku af fundi voru; Halldór, Friðbjörg, Gauti, Lilja S., Elísabet og Guðrún Anna.

Fundur stjórnar FV

Formaður setti fundinn og tók fyrst til umræðu umfjöllun fundar landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldin var 13. september s.l. um að efla upplýsingagjöf til sveitarfélaga um starfsemi samtakanna.

1. Ályktanir stjórnar á 68. Fjórðungspingi að hausti

Formaður kynnti drög að ályktunum sem stjórn leggur fram á 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti, sem haldið verður þann 6. og 7. október n.k..

Til máls tóku, Jóhanna, Lilja, Magnús, Nanný, Sigríður og Aðalsteinn

Fjallað um efni og orðalag ályktana og samþykkt að vísa þeim til afgreiðslu 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti.

2. Breytingar á samþykktum FV – ungmennaráð

Formaður lagði fram tillögu að breytingum á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga, þess efnis að á vegum Fjórðungssambandsins starfi ungmennaráð.

Til máls tóku, Jóhanna, Lilja, Magnús, Nanný, Sigríður og Aðalsteinn

Formaður gerði tillögu um að samþykkja breytingu á samþykktum og gera tillögu til 68.

Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2024 – kynning

Lögð fram fundargerð fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins frá 14. september s.l. þar sem rædd var og afgreidd tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 ásamt tillögu að árstillagi.

Sviðsstjóri kynnti tillögu fjárhagsnefndar til Fjórðungspings um fjárhagsáætlun

Fjórðungssambandsins fyrir árið 2024 og greinargerð.

Til máls tóku, Jóhanna, Lilja, Magnús, Nanný, Sigríður og Aðalsteinn

Lagt fram til kynningar og sviðsstjóra falið að senda tillöguna til afgreiðslu 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti

4. Fjárhagsrammi Sóknaráætlunar Vestfjarða 2024

Sviðsstjóri lagði fram minnisblað um fjárhagsramma Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2024.

Til máls tóku, Jóhanna, Lilja, Magnús, Nanný, Sigríður og Aðalsteinn

Rætt um

5. Svæðisáætlun um úrgangsmál

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að samningi við Umhverfisiráðgjöf Íslands ehf (Environice), um gerð „Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum“

Til máls tóku, Jóhanna, Lilja, Magnús, Nanný og Sigríður

6. Fundargerðir til kynningar

- Fundargerð 98. fundar stjórnar SSNV 12. september 2023

[Fundargerð 98. fundar stjórnar SSNV, 12. september 2023. | Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra](#)

600. stjórnarfundur SASS. 18. september 2023

[600. fundur stjórnar SASS - SASS](#)

54. Stjórnarfundur SSNE 6. september 2023 – sjá í gögnum á Teams

176. Stjórnarfundur SSV 23. ágúst 2023

<https://ssv.is/wp-content/uploads/2023/09/176-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>

- Tilmæli til sveitarfélaga vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði – sjá í gögnum á Teams

7. Umsagnir:

- Afgreiddar umsagnir til Alþingis
- Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt

Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu.

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3491&uid=46d38b7f-4a4e-ee11-9bbd-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3491&uid=46d38b7f-4a4e-ee11-9bbd-005056bcce7e)

Stjórn staðfestir umsögn sem áður hafði verið staðfest í tölvupósti.

- c. Afrakstur umsagna.

[Samráðsgátt | Samráðsgátt - Breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun \(island.is\)](#)

Lagt fram til kynningar tillögu að breytingum á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun en þar er vísað til umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

- d. Umsagnarbeiðni

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um pósthjónusta (útbætur á póstmárkaði), 181. mál. Undirrituð umsögn berist eigi síðar en 6. október nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0183.pdf>

Lagt til að skila ekki umsögn. Tillagan samþykkt.

Fjárlaganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um fjárlög 2024, 1. mál. Umsögn berist eigi síðar en 6. október nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0001.pdf>

Lagt til að skila umsögn, Tillagan samþykkt

Upplýst var fenginn hafi verið frestur til að skila umsögn til 13. október n.k..

- e. Umsagnir til skoðunar

Alþingi; Lagt fram til kynningar svar við fyrirspurn á Alþingi um orkumál á Vestfjörðum.

[2240/153 svar: raforkumál á Vestfjörðum | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)

Samráðsgátt.

Drög að Hvítbók um skipulagsmál (Landsskipulagsstefna)

[Samráðsgátt | Samráðsgátt - Drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatskýrsla \(island.is\)](#) Samþykkt að senda inn umsögn.

[Samráðsgátt | Samráðsgátt - Breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun \(island.is\)](#) Samþykkt að senda inn umsögn

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.49